



Á fæðingardegi Gunnars Gunnarssonar 18. maí sem jafnframt er alþjóðlegi safnadagurinn var úthlutað öðru sinni úr Menningarsjóði Gunnarsstofnunar. Í máli Kristjáns Þórs Júlíussonar mennta- og menningarmálaráðherra kom fram að Gunnar hefði á sínum tíma beitt sér fyrir mörgum framfaramálum, þ.á m. stofnun Minjasafns Austurlands. Það væri því við hæfi að úthluta styrkjum til menningarverkefna í nafni hans á þessum degi.

Menningarsjóðurinn var stofnaður 2013 og honum stýrir þriggja manna stjórn. Að þessu sinni lagði sjóðsstjórnin sérstaka áherslu á verkefni sem tengjast ritverkum og ævi Gunnars en sjóðnum er ætlað að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar.

Sex umsóknir bárust og í máli Helga Gíslasonar, formanns sjóðsstjórnar, kom fram að alls hefði verið sótt um 2,4 m.kr. Ákveðið var að veita fjóra styrki. Tvö verkefni fengu 200 þús. kr. styrk: Hannes H. Gissurarson til ritgerðar um þátttöku Gunnars í kalda stríðinu og endurútgáfu á ræðu Gunnars Vestræn menning og kommúnismi; Steinunn Gunnlaugsdóttir til listsýningarinnar Fædd í Sláturhúsinu. 250 þús. kr. styrk hlaut verkefni Hauks Ingvarssonar um William Faulkner á Íslandi og samskipti hans og Gunnars. Hæsta styrkinn 500 þús .kr. fékk Ottó Geir Borg og Kvikmyndafélag Íslands til áframhaldandi vinnu við handrit að kvikmynd eftir Aðventu.